

Mál nr. 43/2020**M og
V1 vegna ökutækisins A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs þann 4.1.2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 4. febrúar 2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
Bréf V1, dags. 27. febrúar. 2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
Bréf V2, dags 3. mars 2020.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins varð árekstur með bifreiðunum A og B á veginum Árleyni sem liggur um að Kelduholti í Reykjavík að nokkrum stofnunum íslenska ríkissins. Ökumaður bifreiðar A ók bifreið sinni frá húsunum við Árleyni 22 í austur að veginum um Árleyni. M, ökumaður bifreiðar B, ók bifreið sinni eftir veginum um Árleyni til suðurs. Lentu bifreiðarnar saman þar sem akleiðir þeirra sköruðust. Tjónanefnd vátryggingafélaganna lagði alla sök á ökumann B á þeirri forsendu að honum hafi borið að veita umferð frá hægri forgang.

M mótmælir þeirri niðurstöðu og vísar til þess að Árleyni sé gata innan borgarmarka Reykjavíkur. Virðist M enn fremur byggja á því að ökumanni A hafi borið að veita umferð um götuna forgang á grundvelli 3. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem kveðið er á um að ökumenn sem aka út á veg frá bifreiðastæði, lóð, landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði beri að veita umferð í vegi fyrir leið sinni forgang.

V1 vísar til þess að Árleynir sé vegur innan lóðar á landi Kelduholts og að samkvæmt umferðarlögum gildi almennur umferðarréttur um forgang þegar leiðir bifreiða skerast á vegum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum forgang. Ökumaður bifreiðar B beri þannig alla sök á árekstrinum á grundvelli þágildandi 4. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga. V2 skilaði ekki inn sérstökum athugasemdum vegna málsins.

Álit:

Ágreiningur málsins snýr að því hvort bifreið A hafi verið ekið út frá bifreiðastæði inn á veg í skilningi þágildandi umferðarlaga eða hvort um hafi verið að ræða árekstur á vegamótum tveggja vega. Af gögnum málsins er ljóst að vegurinn um Árleyni og bifreiðastæðið við Árleyni 22 er allt innan sömu lóðar. Af gögnum málsins má sjá að frá bifreiðastæðinu við Árleyni 22 er stuttur vegstubbur sem liggur að veginum um Árleyni. Að mati nefndarinnar er ber því að líta svo á að áreksturinn hafi orðið á vegamótum tveggja vega. Við mat á sakarskiptingu ber því að líta til 4. mgr. þágildandi umferðarlaga, þar sem fram kemur að þegar ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast á vegamótum, skuli sá sem hefur hinn sér á hægri hönd, veita honum forgang. Verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 21. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfr.